

Yfirlýsing peningastefnunefndar Seðlabanka Íslands

Vextir Seðlabankans lækkaðir

Peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands hefur ákveðið að lækka vexti bankans. Vextir á viðskiptareikningum innlánsstofnana lækka um 0,5 prósentur í 3,5% og hámarksvextir á 28 daga innstæðubréfum og á lánum gegn veði til sjö daga lækka um 1,0 prósentu í 4,25% og 4,5%. Þá lækka daglánavextir um 1,5 prósentur í 5,5%.

Með þessari ákvörðun er vaxtagangur Seðlabankans þrengdur um 1 prósentu í 2 prósentur. Markmiðið er að draga úr sveiflum í skammtíma markaðsvöxtum og færa einnar nætur vexti á markaði nær miðju vaxtagangsins. Aðhaldsstig peningastefnunnar minnkar því heldur minna en sem nemur lækkun miðju vaxtagangsins.

Verðbólga minnkaði áfram í nóvember, eftir töluverða hjöðnun frá því í mars. Tólf mánaða verðbólga var 2,6% í nóvember, eða 1,8% ef áhrif hærri neysluskatta eru frátalin. Hefur 2½% verðbólgu markmiðinu því verið náð. Hækkun verðlags þjónustu hefur haft mest áhrif á verðbólgu undanfarna tólf mánuði. Einkum hefur verðlag opinberrar þjónustu hækkað skarpt. Gengishækkun krónunnar, lækkanði verðbólguvæntingar og slaki í þjóðarbúskapnum styðja áfram við litla og stöðuga verðbólgu.

Þjóðhagsreikningar, sem birtir hafa verið frá síðustu vaxtaákvörðun, gefa til kynna að slaki í þjóðarbúskapnum sé heldur meiri en gert var ráð fyrir í nóvemberhefti *Peningamála*. Hins vegar er rétt að hafa í huga að fyrstu áætlanir þjóðhagsreikninga eru oft háðar töluverðri endurskoðun. Efnahagsbatinn virðist hafa hafist á þriðja ársfjórðungi, í samræmi við nóvemberspána, en virðist vera veikari en spáð var þá. Verðbólga hefur minnkað heldur hraðar en fólst í nóvemberspánni og eru áfram horfur á að hún verði um skeið undir markmiði á næsta ári.

Frá fundi peningastefnunefndar í nóvember hefur viðskiptavegin gengisvísitala krónu verið nokkurn veginn stöðug, en gengi hennar hefur hækkað um 1½% gagnvart evru. Eins og vænst var hafa reglubundin kaup Seðlabankans á gjaldeyri, sem hófust 31. ágúst síðastliðinn, ekki haft greinileg áhrif á gengi krónunnar. Gjaldyrishöftin, þróun viðskiptakjara og annarra þátta sem áhrif hafa á viðskiptajöfnuð, ásamt aðhaldsstigi peningastefnunnar í samanburði við helstu viðskiptalönd halda áfram að styðja við gengi krónunnar.

Peningastefnunefndin telur að enn kunní að vera eitthvert svigrúm til áframhaldandi slökunar peningalegs aðhalds haldist gengi krónunnar stöðugt eða styrkist og hjaðni verðbólga eins og spáð er. Áætlanir um

afnám hafta á fjármagnshreyfingar skapa hins vegar óvissu um hversu mikið svigrúmið er til skemmri tíma. Nefndin er reiðubúin til þess að breyta aðhaldi peningastefnunnar eins og nauðsynlegt er með hliðsjón af því tímabundna markmiði hennar að stuðla að gengisstöðugleika og í því skyni að tryggja að verðbólga verði nálægt markmiði til lengri tíma lítið.